

Febr.-maí 1971

Samhljóða bréf er sent öllum skólustjórum skyldunámsskóla á landinu, athygli fræðslumálastjóra verður vakin á því og í ráði er að birta það opinberlega.

Tilgangur bréfsins er að hvetja sérhvern skóla til að afmá mismunun nemenda sinna eftir kynferði, en mismunun þessi er hvað greinilegust í framkvæmd verklegrar kennslu, þar sem stúlkurnar eru skyldaðar til náms í saumum og eldamennsku en strákar til smíða.

Sú krafa fer sívaxandi að barn fái að þroskast samkvæmt hæfileikum sínum en óháð hömlum kynhlutverka þeirra sem viðgengizt hafa í samfélagi okkar. Handavinnu- og matreiðslukennsla skólanna í því formi, sem nú er við lýði, er viðamikill hlekkur í þeirri atriðakeðju, sem knýr stúlkur til láglaunamennsku jafnt úti á almennum vinnumarkaði sem á heimilunum, og gerir drengi ófara og óviljuga til að létta til við heimilisverk og sinna eigin þjónustu.

Verkleg kennsla stúlkna í núverandi formi er ekki miðuð við að þroska þær til að öðlast verksvit og kenna þeim að skilja lögmál þess verks sem vinna skal og öðlast þannig aukna sjálfsvirðingu þess, sem er strangur við sjálfan sig án þess að láta ofbjóða kröftum sínum. Verkleg kennsla stúlkna er miðuð við að gera þær færari um að gegna þeim þjónustustörfum, sem eðlilegt hefur verið talið að konur inntu af hendi í samfélaginu án endurgjalds til þessa. Kennslan beinir ekki nemendum í átt til neinnar atvinnugreinar seinna meir í lífinu utan hugsanlega þeirrar, að verða kennarar í matreiðslu og handavinnu stúlkna.

Eins og nú er komið eru stúlkur neyddar til innisetu yfir handavinnu, sem getur numið nokkrum klukkustundum á viku hverri hjá þeim sem eru samvizkusamar, meðan bræður þeirra eru frjálssir að leik, og er þetta síður en svo konunni til hjálpar, þegar hún uppkomin þarf að andæfa gegn því að verða neydd til að vinna tvöfaldan vinnutíma, hlunfarin í umbun í báðum tilfellum sökum skorts á vinnumetnaði og langvarandi kúgunar.

Unglingar eru sjálfir að brjóta hlekki kynskiptingarinnar, hvað gleggst sést á klæðaburði þeirra, og fjöldi heimila reynir sitt ýtrasta til að skapa börnum sínum jafna aðstöðu til verks og náms. Það er því hörmulegt að skólarnir skuli vinna svo afdrifaríkt gegn þessari þróun, þar sem æskilegt væri að þeir settu hvetjandi forðami.

Ekki hefur aðnæzt við gerð hins nýja kennaraskólafrumvarps að sameina fræðsludeildir handavinnukennara og teiknikennara undir

einn og sama skóla, en teiknikennarar útskrifast sem kunnugt er frá Myndlista- og handíðaskólanum. Hefur hin þrískipta menntun handíðakennara að okkar dómi mjög óæskileg áhrif á eðlilega þróun verklegrar kennslu. Ekki er okkur kunnugt um að nauðsyn grundvallarbreytingar á verklegri kennslu hafi fengið verðskuldaða at-
hygli við yfirstandandi endurskoðun námsskrár fyrir skyldunáms-
stigið.

Að þessu athuguðu viljum við leita beint til stjórnenda hinna einstöku skóla og hvetja þá til alvarlegrar og ábyrgrar íhugunar um þessi mál. Við viljum hvetja yður til að gera að veruleika þau 6 ára gömlu ummæli í skýrslu Evrópuráðs: að samkenntla sé í íslenskum skólum án allrar mismununar. Einn skóli hefur riðið á vaðið og veitt stúlkum frjálstan aðgang að verkmennt ásamt piltunum. Barna- og unglingaskóli Grundarfjarðar er fyrstur skóla til að leggja niður kynhömlur í verklegri kennslu. Við frjálst val kusu aðeins 6 stúlkur úr elztu aldursflokkunum að halda áfram námi í saumum en hinar að taka þátt í föndri og smíðum með bekkjarbræðrum sínum.

Við skorum á yður að láta ekki vanaskorður kennslu undanenginna ára og staðreyndir eins og þær að aðeins séu til hefilbekkir handa strákunum trufla dómgreind yðar. Ef hefilbekkirnir eru aðeins nógu margir fyrir helming nemenda, verður að deila tímanum í tvennt sem unnið er við þá, og verður þá rými fyrir alla. Sé áherzla lögð á hinar skapandi hliðar matreiðslu og sauma, verða þetta einnig eftirsóttar námsgreinar af drengjum jafnt og stúlkum.

Við hvetjum yður til þess nú þegar á komandi skólaári að gera varanlegar breytingar til umbóta. Þjónustustörf ber opinskátt að skilgreina sem slík, þótt ávallt sé eftir mætti lögð áherzla á skapandi þætti þeirra, og alls engan mismun má gera á grundvelli kynferðis, hvort sem um verkmennt þjónustustarfa eða starfa sem lúta að sköpun og byggingu er að ræða.

Reykjavík, 26.júlí 1971

f.h. starfshóps Rauðsokka, sem starfaði
á tímabilinu febrúar-maí 1971

24. 8. 1971

Hildur Hákonardóttir
Þórunn Árnadóttir.